

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Reikningar bankakerfisins

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun bankakerfisins. Gögnin eru nýtt til almennrar hagskýrslugerðar sem og uppgjörs á innlendum lánamarkaði og fjármálareikningum. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

Heimildir

Reikningar bankakerfisins eru unnir upp úr mánaðarlegum efnahagsyfirlitum frá viðskiptabönkum, sparisjóðum og Seðlabankanum. Póstgíróstofan var talin með innlánsstofnunum þar til hún var lögð niður í júní 2004 og innlánsdeildir kaupfélaga þar til þær voru lagðar niður í júní 2017.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [32. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#). Í samræmi við 41. gr. laganna í samræmi við 41. gr. laganna hefur Seðlabankinn heimild að eiga upplýsingaskipti við opinbera aðila um atriði sem lög þessi taka til þegar upplýsingaskiptin eru í samræmi við lögmælt hlutverk Seðlabankans eða móttakanda.

2. Aðferðafræði

Aðferðafræði sú sem Seðlabankinn notar við hagtölugerð um innlent bankakerfi byggir á staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um hagtölur peninga- og fjármála. Einnig er tekið mið af alþjóðlegum stöðlum um þjóðhagsreikninga [SNA2008](#) og [ESA2010](#).

Virðismat eigna og skulda

Eignir og skuldir eru metnar á markaðsvirði/gangvirði eða nafnvirði með áföllnum vöxtum og verðbótum.

Flokkur	Virðismat
Seðlar og mynt	Nafnvirði
Innstæður	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Markaðsskuldabréf	Markaðs- eða gangvirði
Lán	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	Markaðs- eða gangvirði (eignir); nafnvirði (skuldir)
Vátrygginga- og lífeyrisskuldbindingar	Markaðs- eða gangvirði, nema fyrirframgreiðslur tryggingaiðgjalda sem eru á nafnvirði
Afleiður og kaupréttir	Markaðs- eða gangvirði
Viðskiptakröfur / skuldir	Nafnvirði með áföllnum vöxtum

Hugtök og skilgreiningar

Bankakerfi samanstendur af Seðlabankanum og innlánsstofnunum. Innlánsstofnanir hafa leyfi til að taka við innlánnum. Þær starfa skv. [lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002](#). Seðlabankinn starfar skv. grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019](#).

Innlendar eignir er samtala allra eigna sem innlánsstofnanir og Seðlabanki eiga hjá innlendum aðilum eftir að eignir og skuldir milli innlánsstofnana og Seðlabankans hafa verið nettaðar út.

Innlendur aðili skv. skilgreiningu [gjaldeyrslaga \(nr. 87/1992\)](#) er sá sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs. Það sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að. Innlendur aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmaeltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérland útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili er allir aðrir en innlendir aðilar, sbr. ofangreinda skilgreiningu.

Innlend útlán og markaðsverðbréf eru útlán Seðlabankans og innlánsstofnana til innlendra aðila, eignarleigusamningar innlánsstofnana við innlenda aðila svo og ríkisvixlar, markaðsskuldabréf og hlutabréf og hlutdeildarskírteini í eigu Seðlabankans og innlánsstofnana, sem útgefin eru af innlendum aðilum.

- **Markaðsverðbréf** er framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu- vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sem dæmi um markaðsverðbréf má nefna spariskírteini, ríkisbréf, ríkisvixla, húsbréf, húsnaðisbréf, íbúðabréf og hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands.
- Markaðsskuldabréf er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Markaðsskuldabréf geta verið verðtryggð, þ.e. tengd höfuðstóll þeirra breytist í samræmi við ákveðna vísitölu, óverðtryggð eða í erlendum gjaldmiðlum. Markaðsvixlar falla einnig undir þennan lið
- Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins.
- Hlutdeildarskírteini eru fjármálagerningar sem staðfesta tilkall allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar, í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.
- **Útlán** eru fjáreignir með föstum og útreiknanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði og ganga almennt ekki kaupum og sölum á eftirmarkaði. Útlán í uppgjöri bankakerfis eru útlán að frádregnum niðurfærslum. Niðurfærslur eru varúðarfærslur lánveitanda vegna endurheimtu útána. Við yfirstöku FME á þremur

stærstu viðskiptabönkunum í október 2008 fluttist einungis hluti útlánasafns þeirra yfir í nýja banka sem stofnaðir voru á grunni þeirra sem teknir voru yfir.

Aðrar innlendar eignir eru eignir innlánsstofnana hjá innlendum aðilum aðrar en útlán og markaðsverðbréf. Um er að ræða eignir s.s. afleiður, seðlar og mynt, hlutdeildarfélag og dótturfélög, fasteignir, lausafjármunir og viðskiptakröfur. Eignir og skuldir á milli innlánsstofnana og Seðlabanka eru nettaðar út í þessum lið.

Erlendar eignir er samtala allra eigna sem innlánsstofnanir og Seðlabankinn eiga hjá erlendum aðilum.

Erlend verðbréf Seðlabanka eru markaðsverðbréf í eigu Seðlabankans, sem útgefin eru af erlendum aðilum.

Erlend útlán og markaðsverðbréf innlánsstofnana eru útlán til erlendra aðila og markaðsverðbréf í eigu innlánsstofnana, sem útgefin eru af erlendum aðilum.

Aðrar erlendar eignir eru kröfur, aðrar en skuldabréf og önnur verðbréf, sem innlánsstofnanir eiga á erlendar lánastofnanir og erlendir seðlar og mynt.

Innlendar skuldir eru innlendar skuldir innlánsstofnana við aðra en Seðlabankann og innlendar skuldir Seðlabankans við aðra en innlánsstofnanir.

Peningamagn (M1) er samtala seðla og myntar í umferð og veltiinnlána.¹

- **Veltiinnlán** eru innlán sem eru nothæf til greiðslu til þriðja aðila með debetkortum, ávísunum eða öðrum beinum greiðslubúnaði. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.
- **Seðlar og mynt í umferð** samanstanda af peningaseðlum og mynt sem eru í umferð utan innlánsstofnana og Seðlabankans.

Peningamagn og almennt sparifé (M2) er samtala peningamagns (M1) og almenns sparifjár.¹

¹ Við útreikning peningamagns eru einungis talin innlán annarra en Seðlabankans, innlánsstofnana, ríkissjóðs og erlendra aðila.

- **Almennt sparifé** eru þær innstæður sem ekki eru bundnar eða háðar einhverjum takmörkunum um aðgengi eigenda að þeim. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Peningamagn og sparifé (M3) er samtala M2 (peningamagn og almenns sparifjár) og bundinna innlána.¹

- **Bundin innlán** eru innstæður sem eru bundnar til lengri eða skemmri tíma, þannig að eigendur geta ekki tekið þær út hvenær sem er. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Verðbréfaútgáfa innlánsstofnana er skuldabréfaútgáfa og víxilútgáfa innlánsstofnana til lánsfjáröflunar á innlendum fjármálamarkaði.

Aðrar skuldir eru skuldir við innlenda aðila aðrar en innlán í peningamagni og verðbréfaútgáfa. Hér falla undir innlán ríkissjóðs, innlánsstofnana, lán frá innlendum aðilum svo sem lánaþyrirtækjum, lífeyrissjóðum og milli innlánsstofnana þ.m.t. víkjandi lán. Skuldir innlánsstofnana við Seðlabankann teljast ekki með þar sem þær eru nettaðar á móti eignum þeirra hjá Sí í liðnum aðrar innlendar eignir.

Erlendar skuldir eru erlendar skuldir innlánsstofnana og erlendar skuldir Seðlabankans. Undir erlendar skuldir innlánsstofnana falla beinar erlendar lántökur, verðbréfaútgáfa erlendis og innstæður sem erlendir aðilar eiga í íslenskum bönkum.

Innlán erlendra aðila í innlánsstofnunum eru innstæður sem erlendir aðilar eiga í innlendum viðskiptabönkum og sparissjóðum.

Erlend verðbréfaútgáfa innlánsstofnana er skuldabréfaútgáfa og víxilútgáfa innlánsstofnana til lánsfjáröflunar á erlendum fjármálamarkaði.

Aðrar erlendar skuldir eru lántökur frá erlendum aðilum þ.m.t. víkjandi lán, afleiðuskuldir við erl. aðila, innstæður erlendra aðila í Seðlabankanaum.

3. Áreiðanleiki gagna

Innlánsstofnanir skila mánaðarlegu efnahagsyfirliti til Seðlabankans. Efnahagsyfirlitin innihalda tegunda- og geiraflokkunar á útlánum, markaðsskuldabréfum, hlutabréfum, innlánum og eignarleigusamningum í lok hvers mánaðar. Gögn um Seðlabankann koma frá Fjárhagssviði Seðlabankans.

4. Endurskoðun gagna

Árslokatalur skv. mánaðarskýrslu desembermánaðar eru endurskoðaðar þegar endurskoðaðir ársreikningar innlánsstofnana. Þegar ársreikningur Seðlabankans liggur fyrir eru mánaðarleg gögn endurunnin og endurbirt.

5. Birting

Birting er einu sinni í mánuði [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Einnig eru birtar töflur miðað við árslok í ársskýrslu Seðlabankans. Tímaraðir eru til á mánaðarlegri tíðni frá september 2003.

6. Annað

Lýsigögn innlánsstofnana og Seðlabankans lýsa nánar breytingum á fjölda innlánsstofnana á hverjum tíma og lýsa flokkunarbreytingum og brot í tímaröðum.